

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 6. tbl. 10. árg. 7. apríl 2016

Myndir augnabliksins eru frá danskennslu á Tröllaborgum.



Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar var haldin 6. apríl, í Kvosinni, sal Menntaskólans á Akureyri. Keppnin er haldin að frumkvæði áhugafólks um íslenskt mál í samvinnu við skólaskrifstofur, skóla og kennara. Þátttaka í upplestrarkeppninni stendur öllum 7. bekkjum landsins til boða. Alls voru 15 nemendur sem þátt tóku í lokahátíðinni frá átta grunnskólum á Akureyri og Hrísey. Allir þátttakendur stóðu sig með stakri þrýði og voru dómamar ekki öfundsverðir að velja úr þessum flotta hópi nemenda. Dómarar voru Ingibjörg Einarsdóttir, formaður Radda, Brynhildur Þórarinsdóttir, rithöfundur, Valdimar Gunnarsson, fyrrverandi menntaskólakennari og Vilhjálmur Bergmann Bragason, kennari við Menntaskólann á Akureyri.



Úrslit fóru þannig að í 1. sæti var Kári Hólmgrímsson, nemandi í Brekkuskóla, í 2. sæti var Emilía Björk Jóhannsdóttir, nemandi í Lundarskóla og í 3. sæti var Margrét Mist Sigursteinsdóttir, einnig nemandi í Lundarskóla.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar hefur farið fram í 16 ár á Akureyri og er ávallt mjög hátíðleg. Bæjarstóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, árvarpaði nemendur og gesti sem og formaður skólaneftdar, Logi Már Einarsson. Þá fluttu nemendur í Tónlistarskólanum á Akureyri fjölbreytt tónlistaratriði undir stjórn Unu Bjargar Hjartardóttur, deildarstjóra Tónlistarskólans á Akureyri. Eydis Úlfarsdóttir stýrði Strengjasveit 2 og Helena G. Bjarnadóttir var undirleikari. Styrktaraðilar keppninnar eru Mjólkursamsalan, Kexsmiðjan og Blómabúð Akureyrar. Allir þátttakendur fengu í viðurkenningarskyni sérprentaða bók frá Félagi íslenskra bókaútgefenda. Þá veittu einnig styrktaraðilar keppninnar peningaverðlaun fyrir þrjú efstu sætin. Styrktaraðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Þá er Menntaskólanum á Akureyri einnig færðar bestu þakkir fyrir samstarfið en lokahátíðin hefur farið fram í sal skólans frá upphafi eða frá árinu 2001.

Greinar frá nemendum á heimasíðu Giljaskóla 2015-2016.

Undanfarin ár hafa nokkrir íslenskukennarar á unglingastigi unnið eftir hugmyndafræði sem gengur undir nafninu *Giljaskólaleiðin*. Áherslan er á framsögn, lestur og ritun í gegnum raunveruleg, merkingarþær viðfangsefni sem endurspeglar veruleikann eins og hann blasir við utan veggja skólans. Reynt er eftir fremsta megni að koma afurðum nemenda, hvort sem þær er í ræðu eða riti, fyrir augu og eyru almennings.

Bendum á athyglisverðar greinar frá nemendum á heimasíðu Giljaskóla: <http://www.giljaskoli.is/is/forsida>


Nýr vefur

Nýr vefur fyrir kennara og aðra sem eru að vinna með erlendum nemendum hefur nú litið dagsins ljós. Markmiðið er að vefurinn sé gagnabrunnur fyrir kennara, bæði í vinnu með nemendum og í samskiptum við foreldra. Sjá vefinn: <http://erlendir.akmennt.is/>

Snjallari saman.

Vorráðstefna um menntavísindi á vegum miðstöðvar skólapróunar HA verður haldin í Háskólanum á Akureyri laugardaginn 16. apríl 2016. Ráðstefnan er að þessu sinni tileinkuð notkun upplýsingatækni og miðlunar í skólastarfi.

Markmiðið er að varpa ljósi á gildi stafrænnar tækni í skólastarfi og hvernig hægt er að nota tæknina á fjölbreyttan hátt til stuðnings námi og kennslu. Efni ráðstefnunnar er að venju sniðið að leik-, grunn- og framhaldsskólum. Sjá nánar: <http://www.msha.is/is/forsida>



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Lestaráttak Ævars vísindamanns.

Victoria Líf Hermannsdóttir nemandi í 2. bekk í Hriseyjarskóla verður gerð að persónu í ævintýrabók, Bernskubrek Ævars vísindamanns: Vélmennaárásin, sem kemur út í apríl.

Dregin voru nöfn 6 barna sem tóku þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns, sem stóð frá 1. janúar - 1. mars. Eftir talningu á innsendum lestrar-miðum kom í ljós að um 54 þúsund bækur voru lesnar í áttakinu, en allir krakkar í 1.-7. bekk máttu taka þátt.

Lestaráttak Ævars vísindamanns er hugarfóstur Ævars Þórs Benediktssonar, unnið þetta árið í samstarfi við Forlagið, Landsbankann, Ibby, Sorpu, 123Skóla, Menntamálastofnun, Odda, RÚV, Ikea og Heimili og skóla.

Erasmus+ í Glerárskóla.

Hópur nemenda úr Glerárskóla er um þessar mundir staddur á Spáni þar sem þau vinna í Erasmus+ samstarfsverkefni. Það kom kennara þeirra í samfélagsfræði á óvart hversu mikið nemendur velta fyrir sér hryðjuverkum þegar ferðir eru skipulagðar á erlenda grund.

Helga Halldórsdóttir segir mikilvægt að ræða við nemendur um þessi mál því það er greinilegt að þetta er að hafa tilfinningleg áhrif á börn og unglinga. Hún segir þau velta þessu fyrir sér í meira mæli en hún hafi gert sér grein fyrir og því sé full ástæða til að ræða hvernig við nálgumst umræðuna með þeim.

Rætt var við nokkra nemendur í Glerárskóla, Ingólf, Áslaugu, Guðnýju, Valtý og Pál í 10. bekk, þar sem fram kemur að sumir eru hrædd um líf annarra og að þeir komi hingað til Íslands. Þeir segjast nálgast fréttir um þetta á netinu og að erfitt sé að sneiða hjá fréttum af hryðjuverkum og umræðu um þau. Nemendur hafa mismiklar áhyggjur af því að þetta geti verið ógn á Íslandi en þeir velta fyrir sér hvernig hryðjuverkamenn fara að því að framkvæma þessa hræðilegu hluti. Þau segja að þetta sé rætt í samfélagsfræðitímum en fram kemur að fullorðið fólk mætti ræða betur um þetta við nemendur. Þeim finnst ekki nóg að fá fréttir á netinu. Hugsunin að það geti eitthvað mögulega gerst kemur upp, en þau reyna að hugsa rökrétt.

"Betra er að lifa lífinu en að vera alltaf hræddur" sagði Guðný einn viðmælenda RUV en hún telur að það hjálpi þegar fullorðið fólk útskýri erfiða hluti fyrir þeim. Þau t.d. velta fyrir sér hvenær þriðja heimstýrjöldin byrjar. Því var eðlilega ekki hægt að svara en spurningin er góð og segir meira en margt annað um það hvað ungt fólk er að velta fyrir sér.

Hægt er að fylgjast með ferðalaginu á [Facebooksíðu Glerárskóla](#).

Dagana 9.-15. apríl munu svo 29 nemendur úr Gilja-, Glerár-, og Síðuskóla dvelja í Aarhus í Danmörku. Þetta eru nemendur sem hafa verið í dönskuvali í vetur. Með í för eru þrír dönskukennarar, þær Kristín List Malmberg úr Síðuskóla, Sigríður Hreinsdóttir úr Glerárskóla og Steinunn Kristín Bjarnadóttir úr Giljaskóla. Verkefnið er fjármagnað af Nordplus-Junior.

Valgreinin hófst með heimsókn nemenda úr Børnens Friskole í Aarhus til Akureyrar síðastliðið haust þar sem gestirnir bjuggu á heimilum íslensku ungmennanna. Á milli heimsókna hafa nemendur unnið margvísleg krefjandi verkefni til að efla færni þeirra í að tala dönsku. Má nefna verkefni þar sem nemendur kynntu sér Aarhus og einnig hafa þeir í farteskínu heimildamynd sem þeir hafa unnið á dönsku um íslenska unglíngamenningu sem sýnd verður í heimsókninni.

Í Danmerkurferðinni munu íslensku nemendurnir búa á heimilum dönsku nemendanna auk þess sem þeir munu gista í skólanum. Nemendur munu vinna sameiginleg skólaverkefni sem tengjast danskri menningu. Auk þess munu þeir heimsækja Aros listasafnið, Den gamle by, sem er safn gamalla húsa, fara í skógarferð og margt fleira. Jafnframt verður farið í dagsferð til vinabæjar Akureyrar, Randers. Krakkarnir eru mjög spenntir fyrir ferðinni og hafa lagt sig fram og sinnt náminu mjög vel í vetur.

Vettvangsferðir leikskólans Kiðagilis

Vorinu fylgir aukin útivera og hvað er skemmtilegra en að fara í rannsóknarleiðangra. Hér sjáum við myndir frá vettvangsferð Kiðagils en þaðan var farið niður að sjó til að kanna hvort það væri ís á sjónum. Börnin köstuðu steinum til að reyna að brjóta ísinn einnig sáu þau hákarl gerðan úr járni og svo "sáust" hinar fjölbreyttustu fisktegundir í sjónum eins og silungur, skjaldbaka og höfrungur.

